

FORSENDUR

Almennt

Öllum er ljóst að á næstu misserum og árum verður erfið glíma við afleiðingar alþjóðlegrar fjármálkreppu og hruns íslenska fjármálakerfisins. Grundvallaratriði er að leita allra þeirra leiða sem auka útflutningstekjur, draga úr erlendum útgjöldum og koma í veg fyrir að atvinnuleysi festist í sessi, fólk flytji úr landi og hér bresti á óbætanlegur atgervisflótti. Á næstu árum og framvegis verður þjóðin í heild að afla miklu meira en hún eyðir. Að þessu marki verða allar aðgerðir að stefna.

Grunnforsendur endurreisnar

Tómt mál er að tala um uppbyggingu og nýja sókn í atvinnulífinu fyrr en nokkrar grunnforsendur liggja fyrir. Þar má nefna:

- Tryggja verður lán frá IMF og öðrum erlendum lánveitendum og kynna án tafar það uppbyggingarplan sem okkur verður sett til næstu ára.
- Flutningsleiðir gjaldeyris til og frá landinu verður að opna.
- Tryggja verður nægan gjaldeyri í landinu og skapa skilyrði fyrir eðlileg viðskipti með krónuna.
- Krónan verður að styrkjast hratt og örugglega og tryggja verður leiðir til þess að verja gengið þar til framtíðarlausn með öðrum gjaldmiðli er fundin. Miklu skiptir að geta haldið gengisvísitölunni á bilinu 130 - 150.
- Vextir verða að lækka og verðbólga að hjaðna.
- Fá verður alla þá sem eiga fé í útlöndum til að flytja það heim. Það stuðlar að styrkingu krónunnar ætti að örva fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.
- Tryggja verður að viðskiptabankarnir geti staðið þétt við bakið á atvinnulífinu og haldið því gangandi.
- Tryggja verður að íslensk fyrirtæki (íslensk viðskipti) fái tryggð hjá erlendum kröfutoryggingarfyrirtækjum. Nú eru flest fyrirtækin búin að missa alla gjaldfresti og verða að stunda staðgreiðsluviðskipti.
- Ríki og sveitarfélög verða að halda uppi framkvæmdum.
- Koma verður í veg fyrir óþarfa keðjuverkun uppsagna, samdráttar og gjaldþrota með öllum ráðum.
- Gæta verður þess að koma þeim höndum sem eru að missa vinnuna til hagnýtra verka eins og kostur er.
- Varðveita þarf mannauðinn og koma í veg fyrir atgervisflotta
- Treysta þarf fjárhagslegar stoðir nýsköpunar og þróunar í fyrirtækjum.

Framtíðarsýn og traust

Samhliða því að leysa úr bráðavanda, m.a. því sem rakið er hér á undan, þarf að leggja línur til framtíðar. Atvinnurekendur, almenningur og ekki síst umheimurinn verður að trúá því að íslenskt atvinnulíf eigi framtíð fyrir sér. Hér verði starfsskilyrði góð og þær miklu sveiflur, á nánast alla mælikvarða, sem við höfum búið við verði úr sögunni. Þar má nefna:

- Stöðugleiki - stöðugleiki og aftur stöðugleiki. Alþjóðleg reynsla kennir að stöðugleikinn er forsenda farsældar í atvinnu- og þjóðlífi.
- Orðspor og traust íslenskra fyrirtækja, Íslendinga og Íslands verður að endurheimta og bæta.
- Gera verður róttækar breytingar á skipulagi og stjórn þeirra stofnana og kerfis sem heldur um peningamála-, efnahags- og eftirlitsþætti fjármálakerfis okkar og samskipti við umheiminn.

- Vextir, verðbólga og launaþróun verður að vera í samræmi við það sem gerist í helstu samkeppnislöndum okkar,
- Tekin verði ákvörðun um aðild Íslands að Evrópusambandinu.
- Tekin verði ákvörðun um að vinna að því með öllum ráðum að uppfylla Maastricht-skilyrðin og stefnan sett á að binda krónuna við evru eins fljótt og auðið er (ERM II) og taka evruna upp um leið og það er unnt.
- Móta verður atvinnustefnu sem leggur áherslu á skynsama nýtingu náttúruauðlinda samhliða uppbyggingu atvinnugreina sem byggja á hátækni, nýsköpun og mannauði.
- Komast verður hjá einhæfni í atvinnulífinu. Við þurfum margar styrkar stoðir.
- Laða verður að erlenda fjárfesta sem vilja fjárfesta í íslensku atvinnulífi.
- Brýnt er að endurskoða reglur, verkferla og vinnubrögð vegna umhverfismats til að hraða undirbúningsferli.
- Breyta á áherslum í menntakerfi þannig að iðn, starfs, tækni og verkfræðimenntun sé sett í algeran forgang. Einnig á að efla sölu- og markaðsnám sem nýtist íslenskum fyrirtækjum á erlendri grundu.
- Marka verður stefnu um framsækið útrásarsamfélag. Við eigum að geta skapað forsendur fyrir mörg öflug fyrirtæki á alþjóðamarkaði. Dæmin sanna að það er hægt.

HUGMYNDIR

Almennt

Engar töfralausnir eru til gagnvart þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir. Þar verður því margt að koma til. Sumt mun skipta miklu máli en annað minna máli. Hér er á eftir er safnað saman ýmsum hugmyndum sem gætu orðið að gagni við að varða veginn til framtíðar. Hér er helst horft til þess sem er útgjaldalítið en gæti komið að gagni fyrr en seinna. Hér er langt frá því um tæmandi talningu að ræða og á þessi stigi hefur hugmyndunum ekki verið forgangsraðað eftir mikilvægi eða virkni. Til þess þarf að skoða þær betur og meta kosti og galla í ljósi vænts raunhæfs árangurs.

1 Veljum íslenskt - spörum gjaldeyri - sköpum vinnu

Það skiptir máli að velja íslenskt. Þetta gildir um vörur og þjónustu af öllu tagi. Óhætt er að fullyrða að hér má spara milljarða í gjaldeyri og stuðla að auknum afgangi af viðskiptum við útlönd og fjölga störfum í íslenskum iðnaði. Almennir, fyrirtæki, opinberar stofnanir og allir þeir sem stýra innkaupum eða hanna verk eiga að hafa þetta í huga.

Gefa á fyrirmæli til allra opinberra aðila um að í öllum innkaupum eigi að öðru jöfnu að velja íslenskt í stóru sem smáu, rekstrarvörum og fjárfestingarvörum. Ef útboðum er beitt á að haga útboðslýsingum þannig að falli sem best að íslenskum aðstæðum.

Hér verða nefnd nokkur dæmi um innflutning að verðmæti upp undir fjóra milljarða króna. Til er íslensk framleiðsla sem er að talsverðu sambærileg. Vissulega þarf að flytja inn hráefni til íslensku framleiðslunnar en fullyrða má að hér má spara stærstan hluta þessa gjaldeyris og skapa um leið talsverð innlend umsvif.

Árið 2007 fluttum við inn bjór fyrir 421 milljón króna cif. Á Íslandi er framleiddur bjór og geta innlendir framleiðendur vel annað innlendi eftirspurn. Á Íslandi er framleiddar fjölmargar tegundir af bjór og framleiðendur eru nokkrir.

Sama ár fluttum við inn sælgæti, nasl, kökur, brauð og pitsur fyrir tæpa 2,7 milljarða. Íslenskir framleiðendur framleiða meira og minna sambærilegar vörur. Þeir eru margir, bæði stórir og smáir.

Kaffi í neytendaumbúðum eða stórum búðum var flutt inn fyrir 620 milljónir árið 2007. Kaffi til brennslu og mólunar hér á landi var flutt inn fyrir um 192 milljónir. Í landinu er þrjár kaffibrennslur sem gætu vel annað innlendi eftirspurn.

Aðrar vörur má nefna: hreinlætisvörur, húsgögn, innréttingar, bækur, föt, byggingarefni o.fl., o.fl.

2 Getu íslensk fyrirtæki flutt starfsemi sína til Íslands?

Mörg íslensk fyrirtæki eru með umfangsmikla framleiðslu á erlendri grundu. Má þar nefna Marel, Össur, Actavis, Promens. Spyrja má hvort mögulegt sé að þau og önnur fyrirtæki geti flutt eigin starfsemi heim og/eða flutt verkefni heim frá erlendum undirverktökum.

Því svarar auðvitað hvert fyrirtæki fyrir sig á eigin viðskiptalegum forsendum. Starfsemin er á erlendri grundu af viðskiptalegum og landfræðilegum (markaðslegum) ástæðum. Til þess að komi til álita að velja framleiðslu/starfsemi stað á Íslandi þurfa starfsskilyrðin að vera a.m.k. jafn góð eða betri en annars staðar þegar

ákvörðun er tekin. Hitt er þó ekki síður mikilvægt að trú og traust á því að starfsskilyrðin verði stöðug og haldist samkeppnishæf verður að vera fyrir hendi. Í ljósi forsögunnar þarf mikið til þess að það traust skapist. Þar dugar ekkert minna en algjör stefnubreyting sem hefur að markmiði að tryggja stöðugleika og aftur stöðugleika.

Framleiðslufyrirtæki á borð við þau sem nefnd eru hér að framan verða að hafa aðgang að hæfu starfsfólki til að fullnægja mannaaflaþörf sinni. Á það hefur skort, einkum hefur skort sérhæft fólk af ýmsu tagi, ekki síst á svið verk- og tæknimenntunar.

3 Skattamál sem skipta máli

Það eru margir þættir í skattkerfinu sem mætti skoða í ljósi breyttra aðstæðna og væru mjög til þess fallnir að örva atvinnulífið án þess að draga úr tekjum ríkisins. Þvert á móti má færa fyrir því gild rök að breytingarnar myndu skila meiri tekjum en ella þegar heildarmyndin er virt. Hér má nefna dæmi:

- **Nokkur áfangi hefur náðst varðandi endurgreiðslu vsk til ríkisstofnana vegna aðkeyprar þjónustu. Þessar reglur þarf að bæta og víkka út, t.d. til hinna nýju ríkisbanka. Tilgangurinn er að jafna samkeppnisstöðu svo starfsemi sé ekki byggð upp innan stofnana og ríkisfyrirtækja í stað þess að beina viðskiptum til einkamarkaðar.**
- **Stimpilgjöld af fasteignaviðskiptum þarf að afnema. Tekjur af þeim eru í sögulegu lágmarki en brotfall þeirra er til þess fallið að örva fasteignaviðskipti og þar með byggingastarfsemi.**
- **Aftur á að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts vegna vinnu á við eigin húsnæði/byggingarstað í 100% eða jafnvel 110% í stað 60% eins og nú er. Dregur úr svartri vinnu.**
- **Láta reglur um endurgreiðslu vsk af vinnu á byggingarstað taka til sveitarfélaga. Það mun örva mjög að þau geti ráðist í mannaflsrek viðhaldsverkefni.**
- **Setja reglur um sérstaka húsnæðissparnaðarreikninga sem njóti skattfríðinda enda verði innstæðu varið til húsnæðiskaupa eða viðhalds á eigin húsnæði. Eykur sparnað - eykur framkvæmdir - eykur eigið fé húsnæðis kaupenda.**
- **Taka upp að nýju skattaafslætti vegna hlutfjárkaupa. Setja sérstakar reglur um nýsköpunar- og sprotafyrirtæki í þessu samhengi. Svona skref örva þátttöku í atvinnulífinu og auðvelda uppbyggingu eiginfjár í rekstri.**

Svört atvinnustarfsemi er vandamál og mikil hættu er á að hún vaxi þegar atvinnuleysi eykst. SKATTSVIK ERU GLÆPUR - NÓTULAUS VIÐSKIPTI ERU SKATTSVIK. Þeir sem eiga aðild að svartri atvinnustarfsemi eru að skjóta sér undan því að taka þátt í uppbyggingu efnahags okkar allra - ÞAÐ ER SVÍVIRÐA!

Í skýrslu nefndar sem lögð var fyrir Alþingi árið 2005 er áætlað að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika geti verið 8,5% til 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Með hertum aðgerðum má ná til margra milljarða króna í skatttekjur án þess að hækka skatthlutföll og álögur. Hér þarf áróður og aftur áróður og hert eftirlit.

4 Útvistunarstefna ríkisins - opinber innkaup í þágu nýsköpunar

Beita á stefnunni með enn ákveðnari hætti en hingað til. Leita á leiða til þess að færa verkefni til einkaaðila. Leita á allra leiða til þess að koma þekkingu í margvíslegu formi út úr stofnunum og skapa úr þeim verðmæti sem hægt er að selja. Fjöldi mörg dæmi eru um þetta t.d. á sviði ýmis konar upplýsinga og þekkingarkerfa.

Opinber innkaup geta verið mikilvægur farvegur nýsköpun ef þeim er beitt á markvissan hátt til þess að þróa lausnir á þörfum hins opinbera sem síðar geta orðið að mikilvægum viðskiptatækifærum. Til eru reglur um svokallað „pre-commercial procurement“ þar sem markmiðið er að þróa lausnir fyrir kaupandann. Spennandi svið væru heilbrigðiskerfið, en þar væri hægt að nýta byggingu nýs hátæknisjúkrahúss, orkusviðið, s.s djúpboranir og hitaveitukerfi, samgöngur og UT-lausnir, s.s. á sviðið stjórnsýslu.

Pre-commercial procurement eru þróunarinnkaup, þ.e. nýtt verklag sem ESB hefur komið á vegna samstarfs opinberra innkaupaaðila og fyrirtækja um þróun nýrra og hagkvæmra lausna á þörfum eða vandamálum ríkis og sveitafélaga sem annars væri ekki hægt að ná fram með almennum útboðum á samkeppnismarkaði.

5 Nýsköpun

Nýsköpun er aldrei mikilvægari en nú. Það er viðvarandi langtíma verkefni. Margt hefur áunnist síðustu misseri í umgjörð nýsköpunar. Gæta þarf þess að tapa því ekki niður og bæta um betur. Nokkur atriði má nefna:

- **Nýi sjóðurinn Frumtak verði að veruleika.**
- **Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fái aukið svigrúm. Nefna má: Hann fái þegar í stað alla símapeningana til sín, þeir munu svo renna í Frumtak. Afnumin verði ákvæði sem skylda sjóðinn til þess að varðveita eigið fé sitt verðtryggt. Hann getur þá fjárfest meira. Æskilegt er að hann fengi samhliða einhver bein fjárframlög.**
- **Tækniþróunarsjóður verði stórefldur með auka framlagi, m.a. til að styðja við markaðsstarf fyrirtækja á erlendum mörkuðum.**
- **Þegar í stað verði tekið upp endurgreiðslukerfi vegna R&D að fyrirmynd norska SKATTEFUNN móðelsins.**

6 Eigið fé útflutningsfyrirtækja - úr krónum í evru

Er mögulegt að setja strax lög sem heimili fyrirtækjum sem eru t.d. með a.m.k 85% rekstrartekna ársins 2008 í erlendri mynt að færa ársreikning sinn frá og með 1.1.2008 yfir í erlendan gjaldmiðil.

Með þessu móti geta stjórnvöld bjargað skráningu bókfærðs eigin fjár þessara fyrirtækja og um leið gert þeim auðveldara að fá nauðsynlega bankafyrirgreiðslu.

Stór hluti eigin fjár útflutningsfyrirtækja, eins og annarra, hverfur ef fyrirtækin gera upp í íslenskum krónum á árinu 2008. Þetta er mjög slæmt fyrir fyrirtækin sjálf og þeirra lánadrottna vegna þess að staðreyndin er sú að raunverulegt eigið fé er ekki að minnka. Eignir t.d. sjávarútvegsfyrirtækja eru að stærstum hluta veiðiréttindi, skip og tækjabúnaður og verðmæti þessara eigna endurspeglast nær eingöngu af erlendri verðlagsþróun. Mjög lítil hluti eigna eru húseignir sem ráðast af innlendra verðlagsþróun. Sama gildir um mörg önnur útflutningsfyrirtæki.

Efnahagur þann 1/1 2008 í evrum (eða USD) byggir á árslokagengi 2007 og umreikningur rekstrartekna hvers mánaðar á árinu 2008 byggir á meðalgengi hvers mánaðar.

7 Framkvæmdir

Ríki og sveitarfélög geta haldið uppi framkvæmdum. Leggja á áherslu á mannaflafrekar framkvæmdir sem ekki hafa í för með sér aukinn rekstrarkostnað. Nefna má samgöngu- og vegabætur, viðhald og endurnýjun mannvirkja. Vinnu við rannsóknir og undirbúning raforkuvera.

Haga verður framkvæmd útboða með þeim hætti að íslenskir aðilar eigi sem besta möguleika á að hreppa verk. Haga á útboðslýsingu þannig að íslensk framleiðsla eigi sem greiðastan aðgang.

Skoða á möguleika á því að ríki, sveitarfélög, bankar, fjárfestar og verktakar sameini krafta sína í öflugu fasteignafélagi sem taki að sér fjármögnun framkvæmda og leigi síðan út til ríkis og sveitafélaga, hugsa má sér nokkurs konar kaupleigu.

8 Auknar aflaheimildir

Íhuga þarf vel hvort ekki er rétt að auka kvóta í þeim tilgangi að auka verulega gjaldeyristekjur þjóðarinnar annað tveggja með útflutningi fersks eða unnins fisks. Vissulega verður að fara hér varlega og gæta þess að ganga ekki um of á fiskistofna. Það er hins vegar réttlætanlegt að taka nokkra áhættu og draga á langinn uppbyggingu þeirra frá því sem fyrirhugað var.

9 Ferðapjónusta

Á árinu 2006 námu heildarkaup á ferðapjónustu innanlands tæplega 135 milljörðum króna. Útgjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis voru 85 milljarðar króna á árinu 2007.

Með því að draga úr verslun Íslendinga í útlöndum og ferðalögum þeirra til útlanda má ná mjög miklum gjaldeyrisparnaði.

Ljóst er að mikil tækifæri felast í því að auka ferðamannastraum til Íslands - fyrir utan augljósa kosti landsins sem ferðamannalands er augljóst að gengi krónunnar gagnvart erlendum myntum er mjög hagfelld erlendum ferðamönnum um þessar mundir og mun verða áfram. Auka á með öllum ráðum innlenda ferðamennsku og nýtingu innlendra hráefna og þjónustu.

10 Heilbrigðisþjónusta - heilsuferðamennska - háskólasjúkrahús

Íslensk heilbrigðisþjónusta er að mörgu leyti í fremstu röð. Unnt er að selja lækniáðgerðir til útlendinga. Þá eigum við mikið af frambærilegum Spa&heilsulíkamsræktarstöðvum. Nefna má:

- **Augnaðgerðir - leysiskurðaðgerðir til að leiðrétta sjón.**
- **Garnastyttingar. Megrunarmeðferð.**
- **Lýtalækningar.**
- **Húðlækningar, t.d. í tengslum við heitt vatn og kísil.**
- **Heilsu- og afslöppunarferðir. Tengt upplifun náttúrunnar og útvist.**

11 Fiskvinnsla - aukin verðmætasköpun og úrvinnsla

Ætla má að aðstæður séu að skapast fyrir frekari úrvinnslu fiskafurða hér á landi. Vinnsla hefur verið að færast í land frá vinnslu um borð í veiðiskipum. Markaðir vilja ferskan fisk í flökum eða bitum. Þessa vinnslu má örugglega efla.

Skoða þarf rækilega hvort ekki sé rétt að taka upp að nýju svokallað gámaálag á fisk. Það var í formi 10% kvótaálags á óunninn fisk sem fluttur var til útlanda.

Markaðsaðgengi er ekki óhindrað fyrir margar fullunnar afurðir sem gætu ratað beint á disk neytandans, og þá gæti fylgt þeim réttum meira en einungis fiskurinn. Sá aðgangur er takmarkaður skv. bókun með EES-samningnum. Hér væru tvímælalaust tækifæri, a.m.k. fyrir frystar afurðir af þessu tagi.

12 Menntun til gjaldeyrisöflunar

Íslenskar menntastofnanir hafa mjög sótt í sig veðrið undanfarin ár. Í flestum háskólum er boðið um á nám á ensku. Ljóst er að mjög mikið af góðu fólki kennir við skólana og ljóst er margt fólk sem nú er að missa vinnuna er mjög vel menntað á mörgum sviðum og gæti tekið að sér kennslu. Auðvelt ætti að vera að hýsa nemendur þar sem offramboð er á húsnæði.

Mikill árangur hefur náðst í fjarkennslu, veflægum lausnum og öflugum upplýsingakerfum í tengslum við menntun og rekstur menntastofnana. Hér geta verið tækifæri til beinnar útrásar.

13 Virkja þarf mannauðinn

Mikilvægt er að nýta öll ráð til þess að gera fyrirtækjum mögulegt að ráða til sín fólk og/eða halda í sitt starfsfólk. Það á að beita atvinnuleysistryggingasjóði í þessu skyni þannig að það verði sameiginlegir hagsmunir þess sem á rétt til bóta, þess sem getur hagnýtt sér starfskraftana og atvinnuleysistryggingasjóðs.

Mörg fyrirtæki, ekki síst útflutningsfyrirtæki, og mörg fyrirtæki sem stunda umtalsverða vöruþróun, rannsóknir og þróun eða nýsköpun að margvíslegu tagi gætu mjög vel nýtt sér sérhæfðan starfskraft. Mörg þeirra ráða ekki við það eða þurfa ekki á fólki að halda í fullt starf. Skoða mætti að miðlun slíks fólks annað hvort í fullt starf eða að hluta. Þar gæti t.d. atvinnuleysistryggingarsjóður komið að. Sem dæmi um slíka starfskrafta má nefna:

- **Markaðs- og sölufólk fyrir erlenda markaði.**
- **Hönnun af öllu tagi.**
- **Gerð auglýsinga og kynningarefnis.**
- **Almannatengsl.**
- **Tæknifólk.**
- **Rekstrar- og fjármálaráðgjöf/aðstoð.**
- **Fólk sem talar erlend tungumál.**
- **Fólk til að sinna rannsóknum og þróun.**

15 Sókn á erlenda markaði - endurreisn orðspors

Markviss samþætting þjónustu Útflutningsráðs, VUR og utanríkisþjónustunnar til öflugrar markaðssóknar í þágu atvinnulífsins hefur aldrei verið brýnni.

Orðspor okkar verður að endurreisa og skapa trú og traust á íslensku atvinnulífi. Þetta á að vera algjört forgangsverkefni utanríkisþjónustunnar, VUR og Útflutningsráðs.

Ekki má gleyma að nýta erlend sendiráð á Íslandi í þessu augnamiði.

16 Ný menntastefna

Brýnt er að gera raungreinum, starfsmenntun, iðnmenntun, tæknimenntun og verkfræðimenntun, auk sölu- og markaðsfræðum hærra undir höfði. Það á að marka stefnu og umbuna þeim sem veita menntun á þessu sviði og sækja menntun á þessu sviði með sértækum aðgerðum.

Skólar sem sinna þessu hlutverki eiga að fá sérstaka umbun og nemendur sömuleiðis.

Tómt mál er að tala um hátækni- og nýsköpunarsamfélag hér á landi ef ekki er gripið til markvissra aðgerða á þessu sviði.

*Samantekt: Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI*